

Árbók bílgreina

Hagtölur **2019**
um íslenskar bílgreinar



BÍLGREINASAMBANDIÐ



RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

ÁRBÓK BÍLGREINA 2019

Árbók bílgreina er fyrst og fremst ætluð þeim sem starfa innan bílgreina á Íslandi. Tilgangurinn er að veita þeim yfirlit yfir umhverfi greinarinnar og tölulegar upplýsingar sem fyrirtækin geta notað í ákvarðanatöku.

Árbók bílgreina 2019 - Hagtölur um íslenskar bílgreinar

Ritstjóri og ábyrgðamaður: Árni Sverrir Hafsteinsson

Texti og talnaefni: Aron Valgeir Gunnlaugsson og Pálmar Þorsteinsson

Hönnun kápu: Þorfinnur Sigurgeirsson

© 2019 Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið

Óheimilt er að afrita efni úr bókinni nema heimildar sé getið.

Rannsóknasetur verslunarinnar og Bílgreinasambandið

WWW.BGS.IS

Reykjavík, apríl 2019

Efnisyfirlit

1	<i>Umfang bílgreina</i>	1
1.1	<i>Hlutur bílgreina í landsframleiðslu lækkar lítillega</i>	1
1.2	<i>Bílasölum fjölgaði um 3,5% milli ára</i>	2
1.3	<i>Gjaldþrotum fjölgaði um 45% á milli ára</i>	2
1.4	<i>Velta dróst saman milli ára</i>	3
1.5	<i>Tekjur vegna vörugjalda dragast saman</i>	4
1.6	<i>Tekjur af bensíni og dísilolíu</i>	4
1.7	<i>Innflutningur varahluta eykst</i>	5
1.8	<i>Tekjur af bifreiðagjöldum hækka stöðugt</i>	6
1.9	<i>Tekjur vegna eigendaskipta og nýskráninga lækkuðu á milli ára</i>	6
1.10	<i>Umferðaröryggisgjald nam 156 milljónum</i>	7
1.11	<i>Vanrækslugjöld</i>	7
2	<i>Bílaflotinn</i>	8
2.1	<i>Nýskráningum fækkar milli ára</i>	8
2.2	<i>Ökutækjum á Íslandi fjölgar áfram</i>	9
2.3	<i>Litavalið formfast - enginn bleikur fólksbíll á árinu</i>	9
2.4	<i>Nýskráningar eftir landshlutum</i>	10
2.5	<i>Meðaldur bílaflotans hækkar lítillega milli ára</i>	11
2.6	<i>Fleiri mættu á réttum tíma í lögboðna skoðun</i>	12
2.7	<i>Umferðarslysum fjölgaði</i>	12
3	<i>Ökutæki og umhverfi</i>	13
3.1	<i>Verð á jarðefnaorkugjöfum hækkar</i>	13
3.2	<i>Hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa dregst saman</i>	14
3.3	<i>Hlutdeild bíla í losun koldíoxíðs eykst milli ára</i>	15
3.4	<i>Mengun nýskráðra bíla jókst á ný</i>	15
3.5	<i>Tengiltvinnbílum fjölgaði verulega</i>	16
3.6	<i>Rafhleðslustöðvum fjölgar hratt</i>	17
3.7	<i>Hrávörur</i>	18
3.8	<i>Umferðarþungi eykst mikið</i>	18
4	<i>Starfsumhverfi bílgreina</i>	19
4.1	<i>Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum</i>	19
4.2	<i>Starfsmönnum í bílgreinum fækkar lítillega</i>	21
4.3	<i>Nemendum í bílgreinum fjölgar</i>	21
4.4	<i>Útskrifuðum sveinum fjölgar</i>	22
5	<i>Aðildarfyrirtæki BGS</i>	23

Myndaskrá

1.1	Hlutur bílgreina í landsframleiðslu.	1
1.2	Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.	2
1.3	Fjöldi gjaldþrota fyrirtækja í bílgreininni.	2
1.4	Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs.	3
1.5	Vörugjöld af innflutningi bifreiða.	4
1.6	Vörugjöld af bensíni og olíugjald.	4
1.7	Innflutningur á smurolíu, hjólbörðum og bílavarahlutum.	5
1.8	Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum.	6
1.9	Innheimt skráningargjöld eftir árum.	6
1.10	Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum.	7
1.11	Innheimt vanrækslugjald eftir árum.	7
2.1	Nýskráningar nýrra bifreiða.	8
2.2	Fjöldi skráðra ökutækja.	9
2.3	Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða.	9
2.4	Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlut- um.	10
2.5	Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans.	11
2.6	Álagningar vanrækslugjalda.	12
2.7	Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári.	12
3.1	Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002.	13
3.2	Eldsneytisnotkun bílaflotans.	14
3.3	Losun gróðurhúsalofttegunda (CO_2) eftir uppruna árið 2015.	15
3.4	CO_2 losun nýskráðra bifreiða á kílómetra.	15
3.5	Nýskráningar bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum.	16
3.6	Fjöldi hraðhleðslustöðva á landinu.	17
3.7	Verðþróun hrávara.	18
3.8	Vísitala umferðarþunga.	18
4.1	Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2017.	19
4.2	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönn- un VR ásamt 25% og 75% mörkum.	20
4.3	Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR.	20
4.4	Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum.	21
4.5	Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum.	21
4.6	Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum.	22

Ávarp formanns

Kæru félagsmenn,

Árbók bílgreina kemur nú út í sjötta sinn. Í henni er safnað saman á einum stað efni og upplýsingar sem tengjast bílgreinum á Íslandi. Hún er mikilvægt tæki fyrir okkur innan greinarinnar til að hafa yfirsýn yfir stöðuna, greina þróunina hverju sinni og bera saman milli ára. Enn fremur nýtist árbókin sem tól til að styðjast við í umræðum við hagsmunaaðila sem og opinberar stofnanir og stjórnvöld.

Endurnýjun í greininni er okkur sem störfum innan hennar gríðarlega mikilvæg, og var tekin sú ákvörðun af stjórn Bílgreinasambandsins fyrir nokkru síðan að leggja aukna áherslu og metnað í að vekja athygli á námi og starfsmöguleikum innan greinarinnar. Einn liður í því er auglýsingaherferð sem fór fram á síðasta ári og aftur núna til að kynna fyrir ungu fólki þá fjölmörgu áhugaverðu námsmöguleika sem standa þeim til boða í tengslum við bílgreinina. Þetta verður áfram ein af megináherslum Bílgreinasambandsins, enda nauðsynlegt fyrir greinina til framtíðar lítið.

Töluverðar breytingar hafa verið á skrifstofu sambandsins undanfarið ár, en framkvæmdastjóri sambandsins lét af störfum á síðasta ári eftir mörg góð ár í starfi. Við tók nýr framkvæmdastjóri sem kemur inn í starfið með nýjar og ferskar áherslur til framtíðar. Því til viðbótar var bætt við nýju stöðugildi verkefnastjóra og var ráðið í þá stöðu í lok síðasta árs. Er þessum breytingum ætlað að endurnýja og styrkja starf sambandsins verulega og styðja enn frekar við eflingu bílgreinarinnar í heild.

Síðustu mánuðir hafa um margt verið bílgreininni erfiðir, með minnkandi bílasölu, stórum óvissuatriðum í efnahagsmálum, og því miður einnig málum sem hafa e.t.v. dregið úr trausti. Hins vegar er mjög margt sem bendir til þess að bílasala eigi mikið inni á næstu árum, og þá er það verkefni okkar allra sem að greininni standa að vinna að aukinni fagmennsku, öguðum vinnubrögðum og jákvæðri umfjöllun.

Ég vil fyrir hönd stjórnar Bílgreinasambandsins þakka Rannsóknasetri verslunarinnar og ritnefnd fyrir þetta glæsilega rit sem nýtist okkur svo sannarlega í okkar störfum við að tryggja framgang bílgreinarinnar.

Jón Trausti Ólafsson

Formaður Bílgreinasambandsins




1 Umfang bílgreina

1.1 Hlutur bílgreina í landsframleiðslu lækkar lítillega

Hlutur bílgreina¹ í landsframleiðslu lækkaði lítillega á milli árunna 2017 og 2018. Árið 2018 nam hlutdeild bílgreina tæplega 1,5% af heildarlandsframleiðslu. Líkt og sést á myndinni hér að neðan, hefur hlutdeildin breyst lítið frá árinu 2014.

Umfang bílgreina hefur samt sem áður vaxið töluvert undanfarin ár í takt við hagkerfið í heild. Efnahagsumhverfið hefur hins vegar mismikil áhrif á undigreinar iðnaðarins. Með auknum fjölda ferðamanna hefur hlutur bílaleiga í bílaflota landsins vaxið umtalsvert, ásamt því að almenn velsæld hefur verið mikil. Stærsti einstaki liður bílgreina í landsframleiðslu er sala vélknúinna ökutækja. Hann er jafnframt sá viðkvæmasti fyrir breytingum í hagkerfinu. Í uppsveiflu síðustu ára hefur sala á nýjum bílum verið mikil, á sama tíma hefur umfang viðgerðarþjónustu minnkað. Þar sem nýjir bílar þurfa almennt minna viðhald.

¹ Bílgreinar eru þær atvinnugreinar sem falla undir flokk 45 í atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar, ÍSAT2008. Til þeirra teljast meðal annars sala nýrra og notaðra bifreiða og vélhjóla ásamt viðhaldi, viðgerðum og sölu vara- og aukahluta.




Mynd 1.1: Hlutur bílgreina í landsframleiðslu. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.2

Bílasölum fjölgaði um 3,5% milli ára

Árið 2018 varð aukning í földa fyrirtækja í bílgreinum á milli ára. Alls fjölgaði bílgreinafyrirtækjum um 25 á árinu 2018 frá fyrra ári. Alls voru 1001 fyrirtæki í bílgreinum starfandi undir lok ársins 2018. Flest fyrirtæki bættust í flokki viðgerða og viðhalds, alls 13 talsins. Í flokki bílasala fjölgaði fyrirtækjum um átta og fyrirtækjum í sölu vara- og aukahluta um sex. Fækkun var í flokki vélhjólásala um tvö á milli ára. Hlutfallslega varð mest fjölgun fyrirtækja sem selja vara- og aukahluti eða 5,7% á milli ára, bílasölum fjölgaði um 3,5%. Fyrirtækjum sem selja vélhjól og búnað þeim tengdum fækkaði um 9,1%.




Mynd 1.2: Fjöldi fyrirtækja í bílgreinum.
Heimild: Hagstofa Íslands.

1.3

Gjaldprotum fjölgaði um 45% á milli ára

Í heild voru 32 fyrirtæki í bílgreinum lýst gjaldproti árið 2018, 10 fleiri en árið á undan. Hlutfallslega nam fjölgun gjaldprota því 45% á milli ára. Sé lítið á skiptingu fyrirtækja sést að flest gjaldprot urðu í flokki bílaviðgerða og viðhalds, alls 22 talsins. Þá voru sjö fyrirtæki í flokki bílasala sem urðu gjaldproti á árinu og þrjú fyrirtæki samanlagt í flokkunum sala varahluta og aukabúnaðar annars vegar og viðgerða vélhjóna og aukabúnaðar til þeirra hins vegar. Líkt og fram kom að ofan fjölgaði fyrirtækjum í greininni um alls 25, voru því alls 57 ný fyrirtæki sem hófu störf á árinu 2018.




Mynd 1.3: Fjöldi gjaldprota fyrirtækja í bílgreininni. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.4

Velta dróst saman milli ára

Eftir veltuaukningu ár hvert frá 2010, kom að því að velta fyrirtækja í bílgreinum dróst saman milli árunna 2017 og 2018. Árið 2018 nam veltan alls 162 milljörðum kr. og dróst hún saman um 6,9% frá árinu 2017. Í krónum talið nam lækkunin tæpum 12 milljörðum, þar sem velta ársins 2017 nam 174 milljörðum. Með hægari fjölgun ferðamanna og mögulega erfiðari eftirmarkaði fyrir bílaleigubíla drógu bílaleigur úr kaupum sínum á nýjum bílum og skýrir það lækkunina nú að hluta.




Mynd 1.4: Heildarvelta fyrirtækja í bílgreinum á verðlagi hvers árs. Heimild: Hagstofa Íslands.

1.5

Tekjur vegna vörugjalda dragast saman

Tekjur ríkissjóðs af innflutningi nýrra bifreiða dróust saman um 6,5% á árinu 2018 og námu alls 9,5 milljarði kr. Lækkunin á milli ára er í takt við væntingar ríkisins miðað við fjármálaáætlun síðasta árs. Í krónum talið nam lækkunin 665 milljónum kr. á milli ára, þar sem tekjurnar námu 10,1 milljarði árið 2017. Þrátt fyrir lægri tekjur, jukust tekjur að meðaltali á hvert skráð ökutæki um 9,5% á milli ára sé litið til skráðra ökutækja á síðasta ári. Þetta kann að hluta til að skýrast af lægra gengi krónunnar og því hærri innkaupsverði nýrra bíla í krónum talið.




Mynd 1.5: Vörugjöld af innflutningi bifreiða.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.6

Tekjur af bensíni og dísilolíu

Tekjur ríkissjóðs af innheimtu vörugjaldi af bensíni og olíugjaldi námu alls 24 milljörðum kr. árið 2018 og drógust saman um 0,5% frá fyrra ári. Sé einungis litið til tekna af bensíni, námu tekjurnar 12,2 milljörðum kr. eða 3,8% lægri fjárhæð en árið á undan. Tekjur af dísilolíu hækkuðu á milli ára um 3,1% og námu alls 11,8 milljörðum króna. Vörugjöld af bensíni voru hækkuð um 2% á árinu 2018 og sömu sögu er að segja af olíugjaldi.



Mynd 1.6: Vörugjöld af bensíni og olíugjald.
Heimild: Fjármálaráðuneytið.

1.7

Innflutningur varahluta eykst

Innflutningur á varahlutum og viðhaldsvörum jókst á milli ára og nam í heild 12,3 milljörðum kr. árið 2018. Hlutfallslega jókst innflutningurinn um 7,6% samanborið við fyrra ár. Mesta aukningin var í flokki smurolíu eða um 22,3%. Í krónum talið var innflutningsverðmætið 1,3 milljarðar kr. Innflutningsverðmæti hjólbarða lækkuði frá árinu 2015 til ársins 2017. Árið 2018 jókst innflutningsverðmæti hjólbarða samanborið við fyrra ár. Nam aukningin 390 m. kr. eða rétt rúm 10%. Þá jókst innflutningsverðmæti bílavarahluta eingöngu um 3,6% og nam alls 6,7 milljarðar kr.




Mynd 1.7: Innflutningur á smurolíu, hjól-
börðum og bílavarahlutum. Heimild:
Hagstofa Íslands.

1.8

Tekjur af bifreiðagjöldum hækka stöðugt

Tekjur ríkisins vegna bifreiða- og úrvinnslugjalda námu tæpum 7,6 milljörðum kr. árið 2018 og jókst frá fyrra ári um 1,7%. Á milli áranna 2016 og 2017 jukust þessar tekjur um 7%. Vöxturinn nú er því heldur minni en árið á undan. Ástæður fyrir minni aukningu milli 2017 og 2018 geta verið nokkrar, til að mynda færri nýskráningar bifreiða í notkun milli ára sem og aukinn fjöldi bifreiða sem eru yfir 25 ára. Þá hækkaði bifreiðagjaldið hlutfallslega minna árið 2018 en árið 2017.




Mynd 1.8: Innheimt bifreiða- og úrvinnslugjöld eftir árum. Heimild: Fjársýslan.

1.9

Tekjur vegna eigendaskipta og nýskráninga lækkuðu á milli ára


Skráningargjöld vegna nýskráninga og eigendaskipta á bifreiðum voru 390,8 milljónir kr. á síðasta ári, rúmum 5% minni en árið á undan. Sé einungis lítið til skráningargjalda af nýskráningum, þá lækkuðu tekjur ríkisins af þeim tekjustofni um 15,7% á milli ára. Á sama tíma hækkuðu tekjur vegna eigendaskipta um 1,8%. Tekjur vegna nýskráninga voru alls tæpar 140 milljónir kr. árið 2018 á meðan tekjur vegna eigendaskipta námu 252 milljónum kr. Undanfarin tvö ár hefur aukning í tekjum vegna nýskráninga verið hlutfallslega meiri en af eigendaskiptum. Frá árinu 2009 höfðu tekjur í flokknum aukist á hverju ári, þar til 2018.



Mynd 1.9: Innheimt skráningargjöld eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.10 Umferðaröryggisgjald nam 156 milljónum


Umferðaröryggisgjald er greitt í hvert sinn sem farið er með bifreið í ástands-skoðun eða þegar um nýskráningu eða eigendaskipti er um að ræða. Á árinu 2018 voru rúmlega 156 milljónir króna sem runnu í þann tekjustofn. Tekjurnar drógust saman, samanborið við fyrra ár, um 3,4%. Ástæður fyrir lækkun þessara tekna skýrist að miklu leyti af miklum samdrætti nýskráninga milli ára, líkt og bent var á í kaflanum hér að framan.



Mynd 1.10: Innheimt umferðaröryggisgjald eftir árum. Heimild: Samgöngustofa.

1.11 Vanrækslugjöld

Tekjur vegna vanrækslu þess að færa ökutæki til lögboðinnar skoðunar jukust allverulega árið 2018 borið saman við fyrra ár og námu tekjurnar alls 423 milljónum kr. Hlutfallslega jukust tekjurnar um 26,3% á milli ára eða ríflega 88 milljónir kr. Hækkunin kemur þrátt fyrir að færri hafi vanrækt að mæta í ástandsskoðun á réttum tíma. Sektargreiðslan lækkar sé komið með bifreið í lögboðna skoðun innan mánaðar frá álagningu vanrækslugjalds. Er því líklegt að margir sem hlutu sekt hafi brugðist hratt við og drifið sig í ástandsskoðun.



Mynd 1.11: Innheimt vanrækslugjald eftir árum. Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.

2

Bílaflotinn


2.1

Nýskráningum fækkar milli ára

Eftir tvö metár í nýskráningum bifreiða, lækkaði hlutfall nýrra fólksbifreiða verulega árið 2018. Heildarfjöldi nýskráðra fólksbifreiða nam 17.967., eða tæplega 16% færri en árið 2017. Séu nýskráningum atvinnubifreiða bætt við, var heildarfjöldi nýskráðra bifreiða liðlega 20 þúsund og lækkaði hlutfallslega um 14,6%. Nýskráðar atvinnubifreiðar (sendi-, vöru-, og hópbifreiðar) voru 2.449 árið 2018, 57 bifreiðum eða 2,3% færri en á árinu áður. Samdrátturinn á milli ára er því verulegur eftir mikinn vöxt undanfarin ár.

- Alls voru nýskráðar 1.917 nýjar sendibifreiðir árið 2018 og 548 notaðar.
- Alls voru nýskráðar 109 nýjar hópbifreiðar og 71 notaðar.
- Alls voru nýskráðar 425 nýjar vörubifreiðar og 322 notaðar.


Staða bílaleiga var mikið til umræðu síðastliðið ár, en umsvif bílaleiga hafa farið minnkandi undanfarin ár með tilliti til nýkaupa bíla. Sést það vel á tölunum um nýskráðar bifreiðar, þar sem hlutur bílaleiga hefur verið um helmingur nýskráðra bifreiða síðastliðin ár.



Mynd 2.1: Nýskráningar nýrra bifreiða.
Heimild: Samgöngustofa.

2.2 Ökutækjum á Íslandi fjölga áfram


Skráðum ökutækjum á Íslandi hefur farið ört fjölgandi undanfarin ár, árið 2011 voru skráð ökutæki alls 298.698. Árið 2018 var sú tala komin í 382.205 ökutæki, rúmlega 83 þúsund ökutæki hafa því bæst við bílafлотann á tímabilinu. Samanborið við fyrra ár nam aukningin 4,2% en frá 2011 nemur aukningin 28% í heildina. Bílar drifnir áfram með bensíni eru eftir sem áður í meirihluta eða rétt ríflega helmingur allra skráðra bifreiða. Skráðum bensínbílum fækkaði þó á milli árunna 2017 og 2018, á meðan díselbílum og tvíorkubílum fjölgaði.



Mynd 2.2: Fjöldi skráðra ökutækja. Heimild: Samgöngustofa.

2.3 Litavalið formfast - enginn bleikur fólksbíll á árinu

Litagleði í bifreiðakaupum er enn af skorum skammti, gráir og hvítir bílar eru enn í miklum meirihluta nýskráðra bíla. Rétt rúmlega 65% allra bíla sem skráðir voru á síðasta ári voru annaðhvort gráir (39,1%) eða hvítir (26%). Þrátt fyrir ákveðna íhaldssemi í litavali bifreiða, var þriðji vinsælasti liturinn þó rauður. Voru um 11% nýrra bíla sem báru þann lit, næst á eftir voru svartir bílar með um 8,7% hlutdeild. Bláir og brúnir bílar fylgdu svo eftir, sá fyrrnefndi með 6,3% hlutdeild og síðarnefndi 6,9%. Eftir að hafa loksins komist á lista í síðustu árbók, þá var engin bleikur fólksbíll nýskráður á síðasta ári.




Mynd 2.3: Litasamsetning nýskráðra fólksbifreiða. Heimild: Samgöngustofa.

2.4

Nýskráningar eftir landshlutum

Langflestar nýskráningar bifreiða voru á höfuðborgarsvæðinu árið 2018, líkt og oft áður. Voru samtals 14.641 bifreið nýskráðar í höfuðborginni. Næst mestur fjöldi var skráður á Suðurnesjunum, 3.328, þar á eftir kemur Suðurlandið með 1.098 nýskráðar bifreiðar. Hlutfallslega átti mesta aukningin sér stað á Norðurlandi vestra eða 124% aukning á milli ára.

Að teknu tilliti til höfðatölu, var mestur fjöldi nýskráðra bíla á hverja 1.000 íbúa á Suðurnesjum alls 129 bílar. Á höfuðborgarsvæðinu voru skráðir 66 bílar á hverja 1.000 íbúa, þar á eftir voru 42 bílar á hverja 1.000 á Suðurlandi. Nokkur aukning nýskráninga varð á Vesturlandi og Norðurlandi vestra, þar sem nýskráðir voru 36 bílar á hverja 1.000 íbúa á hvorum landshlutanum fyrir sig. Fæstar skráningar voru á Vestfjörðum, þar sem nýskráðir bílar voru 23 á hverja 1.000 íbúa.



Mynd 2.4: Fjöldi nýskráðra fólksbifreiða á hverja 1.000 íbúa eftir landshlutum. Heimild: Hagstofa Íslands og Samgöngustofa. Útreikningar: Rannsóknasetur verslunarinnar.


2.5

Meðalaldur bílaflotans hækkar lítillega milli ára

Bílafloti landsins hefur yngst undanfarin ár, eða allt þar til á síðasta ári. Undir lok ársins 2018 var meðalaldur fólksbílaflotans 12,4 ár, þá er miðað við alla skráða fólksbíla, hvort sem þeir eru í notkun eða ekki. Árið 2017 var meðalaldur allra skráðra fólksbílfreiða 12,03 ár. Meðal bíla í hópi hóp-, sendi- og vörubílfreiða jókst meðalaldurinn einnig, fór úr 13,27 árum í 14,43 ár. Af þeim bílfreiðum sem í notkun eru var meðalaldurinn 10,6 ár, við lok árs 2018.

Mesta fjölgunin var í flokki bílfreiða yfir 20 ára, voru bílar í þeim aldurshóp 40.594, hlutfallsleg aukning frá fyrra ári nam 24%. Í yngsta aldursflokknum, bílum á bilinu 0-5 ára, nam aukningin 12,5% á milli ára og voru 89.900 bílar í þeim aldurshóp.

Engin tölfræði er til um stöðuna í Evrópu fyrir árið 2018, en nýjustu upplýsingar ná til ársins 2016. Það ár var meðalaldur fólksbíla um 11 ár á meðan meðalaldur atvinnubílfreiða var 12 ár. Meðalaldur evrópska bílaflotans hefur verið að hækka frá árinu 2013 eða um rétt tæpt ár. Íslenski fólksbílaflotin er því talsvert yngri í samanburði við upplýsingar í gögnum ársins 2016. Meðalaldur íslenskra fólksbíla í notkun var 9,91 ár við árslok 2018.




Mynd 2.5: Aldursdreifing og meðalaldur bílaflotans. Heimild: Samgöngustofa.

2.6

Fleiri mættu á réttum tíma í lögboðna skoðun

Alls voru 38.537 bifreiðar sem ekki skiluðu sér í lögboðna skoðun á réttum tíma, þar af voru 31.984 sem vanræktu að mæta á réttum tíma í aðalskoðun. Fjöldi þeirra sem vanrækja að mæta á réttum tíma í lögbundna skoðun er nokkuð sveiflukenndur milli ára. Til að mynda voru 2.500 einstaklingum færri í ár sem mættu of seint en fyrir ári, hlutfallslega nam lækkunin milli ára 6,1%.



Mynd 2.6: Álagningar vanrækslugjalda.
Heimild: Sýslumaðurinn á Vestfjörðum.


2.7

Umferðarslysum fjölgaði

Umferðarslysum fjölgaði árið 2018, borið saman við fyrra ár, um 360 óhöpp eða 5,3%. Voru alls skráð 7.182 umferðarslys og óhöpp á árinu. Langflest skráð slys voru óhöpp án meiðsla eða tæp 88% slysa. Alvarleg slys voru 155 talsins og slys með litlum meiðslum voru 698. Banaslys voru 15 á árinu og létust 18 einstaklingar í þeim slysum. Á árinu 2017 voru 13 banaslys þar sem að 16 einstaklingar létu lífið. Heilt yfir lækkaði heildarfjöldi slasaðra úr 1.387 í 1.289 á milli ára eða um 7%.

Ökumenn í aldurshópnum 17-26 ára ollu flestum slysum á árinu líkt og oft áður, þar sem samtals slys og óhöpp í þeim aldurshópi voru 1.881. Í langflestum tilfellum var um að ræða karlkyns ökumenn.

Samkvæmt skráningu Samgöngustofu um erlenda ferðamenn sem lentu í umferðaróhöppum, voru Bandaríkjamenn þeir sem oftast lentu í slysi eða óhappi. Vou 145 Bandaríkjamenn sem lentu í slysi, þá voru Kínverjar næst fjölmennastir eða í alls 102 tilvikum.




Mynd 2.7: Fjöldi umferðarslysa og óhappa á ári. Heimild: Samgöngustofa.



3 Ökutæki og umhverfi

3.1 Verð á jarðefnaorkugjöfum hækkar

Verð á jarðefnaorkugjöfum hefur heldur farið hækkandi frá 2016 þegar það var sem lægst. Verð á bensíni og díselolíu á neytendamarkaði hérlendis ræðst af kostnaðarverði erlendis, sem aftur er háð verði á hráolíu á mörkuðum. Smásöluverð hérlendis er þó ekki jafn sveiflukennt enda inniheldur það krónutöluskatta á eldsneyti, innlendan kostnað við dreifingu og sölu auk þess að vera ákveðið hlaupandi meðaltal þeirra birgða sem eru í sölu hverju sinni. Heimsmarkaðsverð á hráolíu hækkaði um þriðjung árið 2018 á meðan smásöluverð á bensíni og díselolíu hækkaði um 10% og 13%. Við samanburð verðs undanfarin ár er vert að hafa í huga að nokkur breyting hefur orðið á samkeppnisumhverfi eldsneytissölu á höfuðborgarsvæðinu frá því að Costco opnaði eldsneytissölu sína vorið 2017.




Mynd 3.1: Þróun eldsneytisverðs frá árinu 2002. Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands og Thomson Reuters. Útreikningar: Rannsóknasetur Verslunarinnar.

3.2

Hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa dregst saman

Umhverfisvænni eldsneytisgjafar (án rafmagns) eru enn í miklum minnihluta, samanborið við hefðbundið jarðefnaeldsneyti. Hlutfall umhverfisvænna eldsneytis dróst saman um 9% samanborið við fyrra ár, úr 26.122 tonnum í 23.729 tonn. Á sama tíma jókst notkun á jarðefnaeldsneyti úr 298.042 tonnum í 306.044 tonn. Heildar eldsneytisnotkun ársins 2018 var því 329.774 tonn og jókst um 1,7% milli ára. Hlutdeild annarra orkugjafa, en jarðefnaeldsneytis, var 7,2%. Árið 2017 var sama hlutfall 8,1%. Af sölu jarðefnaeldsneytis var mest selt hér á landi af díselolíu eða um 179 þúsund tonn árið 2018. Hlutfall díselolíu jókst um 8,9% samanborið við fyrra ár. Bensínnotkun var þá 127 þúsund tonn og dróst saman um 5% á milli ára.

Rétt er að taka fram að um bráðabirgðatölur er að ræða, jafnframt er ekki tiltæk tölfræði um notkun rafmagns sem orkugjafa bifreiða eins og er.




Mynd 3.2: Eldsneytisnotkun bílaflotans.
Heimild: Orkustofnun.

3.3 Hlutdeild bíla í losun koldíoxíðs eykst milli ára

Samkvæmt gögnum Umhverfisstofnunar var hlutur bíla í losun koldíoxíðs 25,3% árið 2016, alls losuðu bílar 884 tonnum af koldíoxíð það ár. Iðnaður og orkuvinnsla var stærsti flokkurinn þegar kom að losun koldíoxíðs, átti sá flokkur þátt í losun 55,6% alls koldíoxíðs eða 1.942 tonn. Hlutdeild fiskiskipa var sama ár 516 tonn eða 14,8% allrar losunar. Losun koldíoxíðs jókst í öllum þessum flokkum, nema iðnaður og orkuvinnsla, þar sem útblástur dróst saman um tæpt eitt prósent.


Hlutdeild bifreiða með annars kona aflgjafa jókst mikið á árunum 2016 til dagsins í dag, verður áhugavert að sjá hvort að losun koldíoxíðs minnki með nýrri tölum. Tekið skal fram að í opinberum tölum er hvorki tekið mið af flugsamgöngum né heldur framræstu votlendi.



Mynd 3.3: Losun gróðurhúsalofttegunda (CO₂) eftir uppruna árið 2015. Heimild: Orkustofnun.

3.4 Mengun nýskráðra bíla jókst á ný

Eftir samfellda lækkun útblástursgilda frá árinu 2010, jókst meðaltals útblástursgildi nýskráðra bifreiða á síðasta ári. Á árinu 2018 losuðu nýskráðir bílar að meðaltali 129 gr. koldíoxíðs á hvern ekinn kílómeter, 1,4% meira en 2017. Aukningin nú kemur á óvart sökum þess að aukning hefur orðið á nýskráðum bílum sem nýtast við aðra orkugjafa en jarðefnaeldsneyti ásamt því að bílaframleiðendur kappkosta við að framleiða sparneytnari og minna mengandi bíla.




Mynd 3.4: CO₂ losun nýskráðra bifreiða á kílómetra. Heimild: Orkusetur.

3.5

Tengiltvinnbílum fjölgaði verulega

Áherslur einstaklinga á að velja umhverfisvænni kosti eru sífellt að verða sterkari, orkuskiptin eru ekki að fullu komin. Þau nálgast þó hratt með tilkomu fleiri ökutækja sem bjóða upp á annarskonar aflgjafa en jarðeldsneyti eingöngu. Metanbílar reka lestina á eftir rafmagnsbílum og tengiltvinnbílum, árið 2018 voru skráðir 144 nýjir metan bílar. Fækkaði nýskráningum slíkra bíla um 55% samanborið við fyrra ár. Einnig varð fækkun á nýskráningu rafmagnsbíla milli ára, alls voru 784 nýskráðir rafmagnsbílar árið 2018, 7,4% færri en árið á undan. Alls hafa 9.979 bílar verið skráðir sem keyra fyrir tilstilli metans, rafmagns eða tvíorku. Tengiltvinnbílar eru áfram vinsælastir í flokki umhverfisvænni bíla, jókst skráning slíkra bíla um 38,5% milli ára og voru 2.868 nýjir bílar skráðir á árinu. Sé miðað við að allir skráðir bílar í þessum þremur flokkum séu í notkun, þá eru um 1.477 metanbílar í umferð, 2.677 rafmagnsbílar og 5825 tengiltvinnbílar, síðastnefndi hópurinn stendur fyrir tæplega 59% bíla í flokknum.



Mynd 3.5: Nýskráningar bíla sem ganga fyrir endurnýjanlegum orkugjöfum. Heimild: Orkusetun.


3.6

Rafhleðslustöðvum fjölga hratt

Hraðhleðslustöðvum fyrir rafmagnsbíla hefur farið ort fjölgandi frá því að Orka Náttúrunnar setti upp fyrstu stöðina. Fyrsta stöðin var sett niður 2014 og fjórum árum síðar höfðu rafbílaeigendur tækifæri til þess að keyra hringvegin án þess að hafa áhyggjur af rafmagnsleysi. Uppbygging á landsbyggðinni stendur enn yfir og er fjöldi hraðhleðslustöðva áætlaður á komandi ári. Þá var nýlega tilkynnt að Reykjavíkurborg hyggðist koma upp 90 hraðhleðslustöðvum á næstu þremur árum. Árið 2019 má gera ráð fyrir að u.þ.b. 100 hraðhleðslustöðvar verði aðgengilegar fyrir almenning víðsvegar um landið, þó flestar hleðslustöðvar séu á höfuðborgarsvæðinu.

Orka Náttúrunnar og Ísorka hafa farið fremst í flokki á uppsetningum hraðhleðslustöðva og eru gögn frá þeim notuð til þess að áætla fjölda stöðva sem almenningur hefur aðgang að. Þá er inni í tölunum átakið „Hleðsla í hlaði“, en þar eru samkvæmt nýjustu gögnum 11 sveitabæir á landsbyggðinni sem bjóða upp á hraðhleðslu.

Engin opinber gögn eru til um fjölda hraðhlaða, eru tölurnar því kynntar hér með fyrirvara.




Mynd 3.6: Fjöldi hraðhleðslustöðva á landinu. Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar.

3.7

Hrávörur

Verðþróun hrávara sem nýttar eru til bílaframleiðslu getur sagt nokkuð til um framtíðarþróun á verði bíla eða varahluta. Þá getur langtímaverðþróun haft sitt að segja um þá tækni sem notuð er hverju sinni til bílaframleiðslu. Á meðfylgjandi mynd má sjá þróun heimsmarkaðsverðs fjögurra mikilvægra hrávara sem kunna að hafa áhrif á verðþróun bíla og varahluta. Athyglisvert er að málmurinn lithíum, sem nýttur er í framleiðslu rafhlaðna í rafbíla, hækkaði töluvert í verði árið 2018 samanborið við árið 2017, nam hækkunin 81%. Heimsmarkaðsverð á járn og gúmmí lækkaði nokkuð á milli ára og er sögulega afar lágt. Heimsmarkaðsverð áls er einnig sögulega nokkuð lágt en hækkaði þó lítillega á milli árunna 2017 og 2018 eða um 9%.




Mynd 3.7: Verðþróun hrávara. Heimild: Metalary.

3.8

Umferðarþunga eykst mikið

Með fjölgun ferðamanna um landið hefur umferð aukist verulega síðustu ár. Samkvæmt vísitölu umferðar á 16 lykilteljum Vegagerðarinnar á Þjóðvegi 1 var umferðarþunginn árið 2018 helmingi meiri en árið 2012 þegar umferð náði lágmarki eftir bankahrunið. Þá var umferðin 4,6% meiri í fyrra en árið 2017. Mesta aukning umferðar á Þjóðvegi 1 frá árinu 2005 var á Suðurlandi þar sem umferð hefur aukist um 86% en vöxturinn hefur verið jafnari í öðrum landshlutum, frá 55% upp í 63%.




Mynd 3.8: Vísitala umferðarþunga. Heimild: Vegagerðin.


4 Starfsumhverfi bílgreina

4.1 Heildarlaun starfsstétta í bílgreinum

Opinberar hagtölur fanga bílgreinina illa sem heild þegar kemur að launatölum. Starfsfólk bílgreina vinnur margvísleg störf svo sem á verkstæðum, við sölumennsku, skrifstofustörf og við stjórnun og rekstur. Árið 2017 voru miðgildi reglulegra heildarlauna iðnaðarmanna 650 þúsund krónur á mánuði samanborið við 621 þúsund á mánuði árið 2016. Hækkuðu launin þannig um 4,7% á milli ára. Þó síðustu tölur í launatölfræði Hagstofunnar séu frá 2017 má nota launavísitölu til að meta þróun launa frá 2017 til 2018 en samkvæmt launavísitölu iðnaðarmanna höfðu laun hækkað í 697 þúsund krónur í lok árs 2018 eða um 7% til viðbótar.




Mynd 4.1: Miðgildi reglulegra heildarlauna eftir starfsstétt og kyni árið 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.



Mynd 4.2: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum í launakönnun VR ásamt 25% og 75% mörkum. Heimild: Launakönnun VR.

Heildarlaun starfsmanna við sölu og viðgerðir bifreiða voru að meðaltali 687 þúsund kr. á mánuði árið 2018 samkvæmt launakönnun VR, 6% hærri en árið á undan. Helmingur starfsfólks hafði heildarlaun á bilinu 540 til 751 þúsund kr. á mánuði árið 2018. Samkvæmt þessu hafði fjórðungur starfsmanna lægri laun en 540 þúsund kr. á mánuði og fjórðungur starfsmanna hærri laun en 751 þúsund krónur á á mánuði á árinu.




Mynd 4.3: Meðaltal heildarlauna í sölu og viðgerðum á bílum að raunvirði samkvæmt launakönnun VR. Heimild: Launakönnun VR.

4.2

Starfsmönnum í bílgreinum fækkar lítillega

Fjöldi þeirra sem störfuðu við bílgreinar 2018 dróst lítillega saman á milli árána 2017 og 2018. Árið 2018 störfuðu 4.139 manns við bílgreinina samkvæmt áætlun Hagstofunnar. Er hér miðað við flokkinn viðhald, viðgerðir og sölu á ökutækjum. Lækkunin nú kemur í kjölfar töluverðrar fjölgunar árið 2017 og er fjöldi starfsmanna í greininni nú vel yfir meðalfjölda síðasta áratugar. Að árinu 2017 undanskildu þarf því að líta aftur til ársins 2008 til að finna jafn marga starfandi við bílgreinar. Um 2% vinnuafsisins vinna við bílgreinar samkvæmt þessum tölum.




Mynd 4.4: Áætlaður fjöldi starfandi í bílgreinum. Heimild: Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands.

4.3

Nemendum í bílgreinum fjölga

Árið 2017 stunduðu 288 nám í bílgreinum og er það nokkur fjölgun samanborið við síðustu tvö ár á undan, en árin 2015 og 2016 voru nemendur 278 og 250. Sé litið lengra aftur eru nýjustu tölur um nemendafjölda þó ekki ýkja háar en síðustu tíu ár þar á undan. Frá 2005-2014 að báðum árum meðtöldum stunduðu 341 manns að meðaltali nám í bílgreinum. Mest fjölga í grunnnámi bíliðna en nemendur í þeirri námslínu voru 106 árið 2017 samanborið við 75 nemendur árið á undan. Minni breytingar urðu á öðrum sviðum. Í bifreiðasmíði fjölgaði nemendum um sex, úr 17 í 23 og í bílamálun fjölgaði nemendum um fjóra, úr 29 í 33. Lítilsháttar fækkun varð í bifvélavirkjun þar sem 126 stunduðu nám árið 2017 samanborið við 129 árið á undan.




Mynd 4.5: Fjöldi nemenda í bílgreinum eftir árum. Heimild: Hagstofa Íslands.

4.4

Útskrifuðum sveinum fjölgar

Árið 2018 luku 54 manns sveinsprófi í bílgreinum. Af nýsveinum voru flestir sem luku prófi í bifvélavirkjun eða 38 talsins. Þá luku 12 nemendur sveinsprófi í bílamálun og fjórir í bifreiðasmíði. Fjöldi sveina nú er nokkuð yfir meðaltali síðasta áratugar en að meðaltali luku 49 sveinar prófi í bílgreinum ár hvert, samanborið við áðurnefnda 54 árið 2018. Frá 2008 hafa einungis einu sinni fleiri lokið námi í bílgreinum en það var árið 2014 þegar 60 luku prófi. Ör stækkun bílaflotans undanfarin ár, meðal annars samfara fleiri ferðamönnum, kallar á fleira fagfólk í bílgreininni. Líklega þyrfti fjölgun útskrifaðra nemenda úr bílgreinum að vera meiri til að mæta viðhaldspörf þeirra bíla sem hafa nú bæst við bílaflota landsmanna.



Mynd 4.6: Fjöldi lokinna sveinsprófa í bílgreinum. Heimild: Iðan fræðslusetur.

5

Aðildarfyritæki BGS

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
100 Bílar ehf.	Stekkjarbakka 4	104 Reykjavík
AB Skálinn Arnarstaðir ehf.	Gagnheiði 11	800 Selfoss
Almenna bílaverkstæðið ehf.	Skeifunni 5	108 Reykjavík
ALP-GÁK EHF.	Skemmuvegi 20	200 Kópavogur
Armur ehf.	Skeifunni 5	108 Reykjavík
Bernhard ehf.	Vatnagörðum 24	104 Reykjavík
Betri bílar hf.	Skeifunni 5	108 Reykjavík
BHS ehf.	Fossbrún 2	621 Dalvík
Bífreiðastillingin ehf.	Smiðjuvegi 40d	200 Kópavogur
Bífreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf.	Fjölнисgötu 2a	600 Akureyri
Bífreiðaverkstæði Björns P ehf.	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
Bífreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf.	Smiðjuvegi 22	200 Kópavogur
Bífreiðaverkstæði Jónasar ehf.	Skemmuvegi 46m	200 Kópavogur
Bífreiðaverkstæði Reykjavíkur ehf.	Bæjarflöt 13	112 Reykjavík
Bífreiðaverkstæði Sigursteins	Selnesi 28	760 Breiðdalsvík
Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf.	Hrísmýri 3	800 Selfoss
Bífreiðaverkstæðið Stimpill ehf.	Akralind 9	200 Kópavogur
Bífvélavirkinn ehf.	Norðurhelli 8	221 Hafnarfjörður
Bílabankinn ehf.	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Bílabúð Benna ehf.	Vagnhöfða 23	110 Reykjavík
Bílagerði hf.	Eyrarlandi 1	530 Hvammstanga
Bílahöllin-Bílaryðvörn ehf.	Bíldshöfða 5	110 Reykjavík
Bílaleiga Húsavíkur ehf	Garðarsbraut 66	640 Húsavík
Bílalind ehf	Pórðarhöfða 4	110 Reykjavík
Bílamálun Pálmars ehf.	Vagnhöfða 20	110 Reykjavík
Bílamálunin Egilsstöðum ehf.	Fagradalsbraut 21-23	700 Egilsstöðum
Bílamálunin Varmi ehf.	Auðbrekku 14	200 Kópavogur
Bílaprýði ehf	Laufásgötu 5	600 Akureyri

Nafn

Bílar Malarhöfða
 Bílar og tjón ehf.
 Bílar og Vélar hf.
 Bílarétting Beyja
 Bílasprautun Magga Jóns
 Bílaumboðið ASKJA ehf.
 Bílaverkstæði Austurlands
 Bílaverkstæði Ella
 Bílaverkstæði Kjartans og Þorgeirs
 Bílaverkstæði SB ehf.
 Bílaverkstæðið Bragginn
 Bílaverkstæðið Pardus ehf.
 Bílaverkstæðið Rauðalæk ehf.
 Bílaverkstæðið Smur og Dekk
 Bílaþjónusta Péturs ehf.
 Bílaþjónustan Hellu ehf.
 Bílbót ehf.
 Bíley hf.
 Bílfang ehf.
 Bílhúsið ehf.
 Bílnet ehf.
 Bílrún ehf.
 Bílson ehf.
 Bílverk B.Á. ehf.
 Bílvogur ehf.
 BL ehf.
 BRA ehf.
 Bretti réttingarverkstæði
 Brimborg
 BSA hf.
 CAR-MED ehf.
 Carbon Recycling International
 Dekk og smur hf.
 E.T. HF.
 Framrás ehf.
 Frumherji hf.
 Glitir ehf.
 Höfðahöllin ehf.
 Höldur ehf.
 Kaupfélag Skagfirðinga

Heimilisfang

Malarhöfða 2
 Skemmuvegi 44 m
 Hafnarbyggð 18
 Frostagötu 6b
 Iðavöllum 11
 Krókhálsi 11
 Miðási 2
 Bygggördum 2b
 Smiðjuvegi 49d
 Sindragötu 3
 Flötum 20
 Suðurbraut
 Rauðalæk
 Aðalstræti 3
 Vallholti 17
 Dynskálum 24
 Bolafæti 3
 Leiruvogi 6
 Malarhöfða 2
 Smiðjuvegi 60
 Brekkustíg 38
 Borgarteiti 7
 Kletthálsi 9
 Gagnheiði 3
 Auðbrekku 17
 Sævarhöfða 2
 Nýbýlavegi 10
 Smiðjuvegi 4 D
 Bíldshöfða 6
 Laufásgötu 9
 Dalvegi 24
 Holtasmára 1
 Nesvegi 5
 Klettagördum 11
 Smiðjuvegi 17
 Parabakka 3
 Suðurlandsbraut 16
 Funahöfða 1
 Tryggvabraut 12
 Hesteyri 2

Staður

110 Reykjavík
 200 Kópavogur
 690 Vopnafirði
 603 Akureyri
 230 Reykjanesbæ
 110 Reykjavík
 700 Egilsstöðum
 170 Seltjarnarnesi
 200 Kópavogur
 400 Ísafirði
 900 Vestmannaeyjum
 565 Hofsóss
 851 Hellu
 450 Patreksfirði
 800 Selfoss
 850 Hellu
 230 Reykjanesbæ
 730 Fjarðabyggð
 110 Reykjavík
 200 Kópavogur
 260 Reykjanesbæ
 550 Sauðárkrókur
 110 Reykjavík
 800 Selfoss
 200 Kópavogur
 110 Reykjavík
 200 Kópavogur
 200 Kópavogur
 110 Reykjavík
 600 Akureyri
 200 Kópavogur
 200 Kópavogur
 340 Stykkishólmi
 104 Reykjavík
 870 Vík
 109 Reykjavík
 108 Reykjavík
 110 Reykjavík
 602 Akureyri
 550 Sauðárkrókur

<i>Nafn</i>	<i>Heimilisfang</i>	<i>Staður</i>
Kraftbílar ehf.	Draupnisgötu 6	603 Akureyri
Kraftur hf.	Vagnhöfða 1 -3	110 Reykjavík
Krókur ehf	Suðurhrauni 3	210 Garðabæ
Kvikk þjónustan	Vagnhöfða 5	112 Reykjavík
Lakkhúsið ehf.	Smiðjuvegi 48	200 Kópavogur
Lakkskemman ehf.	Skemmuvegi 30	200 Kópavogur
Litla Bílasalan	Eirhöfða 11	110 Reykjavík
Málningarvörur ehf	Lágmúla 9	108 Reykjavík
Mótorhaus ehf.	Langanesvegur 14	680 Þórshöfn
N1 (smurstöð Langatanga)	Dalvegi 10 - 14	201 Kópavogi
Neyðarþjónustan ehf.	Skútuvegi 11	104 Reykjavík
Ný-sprautun ehf.	Njarðarbraut 15	260 Reykjanesbæ
Ökumælar ehf.	Viðarhöfða 6	110 Reykjavík
Rétt Sprautun	Smiðjuvöllum 6	260 Reykjanesbæ
Réttingarverk ehf.	Hamarshöfða 10	110 Reykjavík
Réttingaverkstæði Hjartar	Smiðjuvegi 56	200 Kópavogur
Réttingaverkstæði Jóns B ehf.	Flugumýri 2	270 Mosfellsbæ
Réttingaverkstæði Sveins ehf.	Eyrargötu 11	740 Fjarðabyggð
Réttingaverkstæði Þórarins	Grettisgötu 105	101 Reykjavík
Réttingaþjónustan ehf.	Smiðjuvegi 40	200 Kópavogur
RVR ehf.	Steinhellu 17 b	221 Hafnarfirði
S.B.J. Réttingar ehf.	Kaplahrauni 12	220 Hafnarfjörður
Smur- og hjólbarðaðþjónustan ehf.	Framnesvegi 23	230 Reykjanesbæ
Smurstöðin Fosshálsi 1	Fosshálsi 1	110 Reykjavík
Sprautu- og bifreiðaverkstæði Borgarness sf.	Sólbakka 5	310 Borgarnesi
SS bílar ehf.	Kletthálsi 2	110 Reykjavík
Stilling ehf.	Kletthálsi 5	110 Reykjavík
Suzuki bílar ehf.	Skeifunni 17	108 Reykjavík
Tékkland bifreiðaskoðun	Borgartúni 24	105 Reykjavík
Toppur ehf.	Skemmuvegi 34	200 Kópavogur
Toyota - Akureyri	Baldursnesi 1	603 Akureyri
Transporter ehf - Diesel.is	Kletthálsi 15	110 Reykjavík
Varahlutaverslunin Kistufell ehf.	Brautarholti 16	105 Reykjavík
Vegagerðin	Bogartúni 7	105 Reykjavík
Vélabær hf.	Bæ, Andakíl	311 Borgarnesi
Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar sf.	Brekkugötu 8	530 Hvammstanga
Vélaverkstæðið Kistufell ehf.	Tangarhöfða 13	110 Reykjavík
Vélsmiðja Grindavíkur	Seljabót 3	240 Grindavík
Víkurvagnar ehf.	Hyrjarhöfða 8	110 Reykjavík

Í Árbók bílgreina 2019 kemur þetta m.a. fram:

- Hluttur bílgreina í landsframleiðslu lækkar örlítið á milli ára og var 1,5% árið 2018.
- Meðalaldur bifreiðaflotans hækkaði á milli ára, við lok árs 2018 var meðalaldurinn 12,4 ár samanborið við 12,03 ár ári fyrr.
- Umferð hefur aukist mikið undanfarin ár, umferðapunginn árið 2018 var helmingi meiri en 2012.
- Árið 2018 urðu flest umferðarslys í janúar en fæst í apríl.
- Hraðhleðslustöðvum fjölga hratt, u.þ.b. 100 hraðhleðslustöðvar eru aðgengilegar. Þá eru 90 stöðvar eru á áætlun í höfuðborginni á næstu þremur árum.
- Tengiltvinnbílum fjölgaði um 38,5% árið 2018, samdráttur var á milli ára í nýskráningum metan- og rafmagnsbíla.
- Auka þarf ásókn í nám í bílgreinum.
- Helstu tekjur ríkisins af bílgreinum 2018 voru:
 - Vörugjöld af bensíni og dísilolíu 24 milljarðar kr.
 - Bifreiða og úrvinnslugjöld 7,6 milljarðar kr.
 - Vörugjöld vegna innfluttra bifreiða 10,1 milljarðar kr.
 - Vanrækslugjöld 335 milljónir.
 - Skráingargjöld vegna nýskráninga og eigendaskipta 391 milljónir kr.
 - Umferðaröryggisgjald 156 milljónir kr.
- Nýskráningar bifreiða drógust saman um 14%.
- Skipting innfluttra nýrra og notaðra atvinnubíla 2018 var eftirfarandi:
 - Sendibílar: 1.917 nýir og 548 notaðir.
 - Hópbílar: 109 nýir og 71 notaðir.
 - Vörubílar 425 nýir og 322 notaðir.
- Gráir og hvítir bílar eru áfram vinsælustu litirnir og lítil fjölbreytni í litavali heldur því áfram. Þriðji vinsælasti liturinn er þó rauður.



BÍLGREINASAMBANDIÐ